

Skólaráðsfundur í Flataskóla 9. janúar 2023

Haldinn í fundarherbergi skólans kl. 15:15

Mættir: Ágúst Jakobsson skólastj., Hanna Lóa Friðjónsdóttir fltr. kennara, Katrín Anna Eyvindardóttir fltr. kennara, Guðrún Yrsa Richter fltr. foreldra, Sólveig Auður Bergmann fltr. foreldra í leikskóladeild.

1. Húsnæðismál

Í framhaldi af niðurstöðum myglusýnatöku sem fram fór í október sl. var hluti húsnæðis skólans tekinn úr notkun fyrir jóla þegar niðurstöður lágu fyrir (allt húsnæði frístundar, ein af kennslustofum 4. bekkjar, ein af kennslustofum 6. bekkjar, tvær stofur tónlistarskóla, og rými milli tónmenntastofu og sviðs). Jafnframt var ákveðið að gerð yrði heildarúttekt á húsnæði skólans. Sýnatökur hafa farið fram nema að eftir er að taka DNA sýni. Vonast er eftir að niðurstöður liggi fyrir um mánaðamótin jan-feb.

Framkvæmdir við lokuð svæði eru ekki hafnar og ekki er enn komin fram áætlun um framkvæmdir. Búið er að loka svæðum til bráðabirgða. Foreldrar bíða enn eftir að skýrslur vegna fyrri úttekta í skólanum verði afhentar eins og lofað var á fundum í desember.

Nýir lekar hafa að undanfögnu komið upp í skólanum án þess að brugðist sé við á fullnægjandi hátt með viðgerðum.

Ný tilfelli hafa undanfarið komið upp þar sem nemendur eru með einkenni v/ myglu skv. læknum eða foreldrar hafa áhyggjur af að mygla hafi áhrif á heilsufar barna þeirra.

2. Skólareglur

Skólareglur voru endurskoðaðar í haust með hliðsjón af Barnasáttmála SP. Reglurnar voru unnar eftir hugmyndum nemenda og orðalag þeirra sjálfrá heldur sér að stórum hluta. Búið er að birta reglurnar á heimasíðu en unnið er að kynningarefni. Þegar það er komið verður aftur farið í kynningar og umræður um reglurnar.

3. Þróunarverkefni

Unnin eru 7 þróunarverkefni í skólanum í vetur sem hlutu styrki úr þróunarsjóðum bæjarins. Fjögur þeirra snúa að leiðsagnarnámi og/eða lýðræðisvinnu en einnig eru verkefni varðandi matsramma fyrir lestur, nýtingu á Breakout-kössum og umhverfisfræðslu. Sum verkefni eru í góðu gengi en önnur mjög skammt komin. Vonir standa þó til að hægt verði að sigla þeim öllum í höfn fyrir vorið.

4. Fjárhagsáætlun

Niðurstaða síðasta árs er u.þ.b. 22 milljóna kr. halli á rekstri skólans í heild sinni (grunnskóli / frístund / leikskóli). Fjárhagsáætlun nýja ársins lítur bærilega út fyrir grunnskólahlutann en tæpt hvort að fjárhagsrammi leikskólahluta geri ráð fyrir núverandi barnafjölda, það mál þarfnast frekari skoðunar. Gleðiefni að fjármunir voru auknir til viðhalds skólahúsnæðis en vafamál hvort þeir fjármuni hrökkvi til miðað við stöðu mála.

5. Skíðaferðir

Tillaga skólastjóra um að hætta að fara með yngri stigið á skíði. Skólaráð setur sig ekki á mót hugmyndinni en leggur til að málið sé rætt við kennarahópinn og stjórn Foreldrafélagsins áður en ákvörðun er tekin.

6. Málefni nemenda / fundur skólaráðs og réttindaráðs

Gert er ráð fyrir sameiginlegum fundi skólaráðs og nemenda/réttindaráðs a.m.k. einu sinni á vetri. Skólastjóri finnur tíma og leggur drög að dagskrá í samráði við réttindaráð.

7. Önnur mál

Búin að vera þung staða í skólanum vegna mikilla forfalla og húsnæðismála. Segja má þó að mesta furða sé hvernig skólastarfið gangi og má þar þakka þrautseigju og æðruleysi starfsfólks.

Næsti fundur áformaður 20. febrúar, fyrr ef ástæða þykir til.